

Fylgiskjöl VII og VIII: Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið og lýsing á tilhögum innra eftirlits vegna losunar í umhverfið (:

Tilvísun til III. kafla, 10.2.g. og 10.2.h. greinar reglugerðar 785/1999 m. Breytingum 849/2000, 47/2001, 105/2004 og 1077/2055 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun („Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið, lýsing á tilhögum innra eftirlits vegna losunar í umhverfið“).

Fiskeldið reiðir sig á það vatn, sem kemur úr sjótökuholum og það gefur því augaleið að það skiptir fyrirtækið miklu að vatninu í kringum fiskeldið sé haldið eins hreinu og unnt er. Samkvæmt vinnureglum Stolt Sea Farm þá eru vatnsprufur teknar bæði við vatnsinntöku og við frárennsli stöðva. Þessum vinnureglum er fylgt eftir til hlítar.

Þegar starfsleyfi hefur verið gefið út og fyrirtækinu gert grein fyrir kröfum um takmarkanir losunar, munu eftirlitskerfum verða komið fyrir við frárennsli stöðvarinnar.